# Lögbirtingablað

Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

**Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.**
**Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.**
**Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is**
**Veffang: http://lagabirting.is**
**ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)**
**ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)**
**Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.**

**Nr. 95 96. ár** **Fimmtudaginn 10. júlí 2003**


## Stefnur

*Aðilar málsins eru:*
*Stefnandi:* Glitnir hf., kt. 511185-0259, Kirkjusandi, 155 Reykjavík
*Stefndu:* Gunnar F. Gunnarsson, kt. 110869-4369, óstaðsettur í hús og Sigríður Hrefna Magnúsdóttir, kt. 071076-4909, Sæmundargötu 9, 550 Sauðárkróki.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Jón Haukur Hauksson, hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 639.776 ásamt dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sérstaklega 1. mgr. 6. gr., frá 2. október 2002 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á fjármögnunarleigusamningi nr. 423928-001 sem gerður var hinn 29. janúar 2001 milli stefnanda og stefnda Gunnars um fjármögnunarleigu stefnda á múrdælu og fylgihlutum, sbr. dómskjal nr. (dskj.) 3. Stefnandi eða starfsmenn hans áttu engan þátt í því hvaða tæki stefndi óskaði fjármögnunar á en þar sem tækið var talið fullnægja almennum skilyrðum sem stefnandi hefur sett sér fyrir slíkri fjármögnun og stefnda Sigríður Hrefna gekkst í sjálfskuldarábyrgð fyrir efndum samningsins gagnavart stefnanda var orðið við beiðni stefnda og fjármögnunin samþykkt.

Samkvæmt samningnum skyldi stefndi greiða mánaðarlegar leigugreiðslur frá og með 15. janúar 2000. Samningurinn fór í vanskil 1. júlí 2001. Þegar fjórir reglulegir leigugjalddagar höfðu fallið í vanskil og venjubundnum ítrekunum og innheimtutilraunum stefnanda hafði ekki verið sinnt óskaði stefnandi eftir aðstoð lögmanns. Innheimtubréf var sent stefndu hinn 31. október 2001, sbr. dskj. nr. 4-5. Engin viðbrögð urðu við bréfinu og því var stefnda Gunnari sent símskeyti hinn 12. nóvember 2001 með aðvörun um yfirvofandi riftun samningsins vegna vanskila, sbr. dskj. nr. 6. Stefnda var síðan send áminning 14. desember 2001, sbr. dskj. nr. 7. Þegar það bar ekki árangur var stefnda send tilkynning um um riftun samningsins vegna vanskila hinn 10. júní 2002, sbr. dskj. nr. 8.

Stefndi skilaði ekki tækinu þrátt fyrir riftun samningsins, áskorun um það og samningsákvæði um skyldu hans til þess eftir riftun samnings og því þurfti lögmaður stefnanda að fara fram á vörslutöku 20. júní 2002, sbr. dskj. nr. 9. Hinn 2. október 2002 var hið leigða tæki, PTF-múrdæla, tekið í vörslur stefnanda. Samkvæmt samningsákvæðum er sá dagur, þegar stefnandi fær umráð hins leigða tækis, viðmiðunardagur við uppgjör samningsins.

## Nauðungarsölur

### Reykjavík

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Skógarhlíð 6, Reykjavík, fimmtudaginn 14. ágúst 2003 kl. 10:00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Aðalstræti 9, 0204, 8248) | Aðaleign ehf. | Tollstjóraembættið | 109.356 |
| Aflagrandi 21, 0102 8249) | Sigurður Björn Sigurðsson | Íbúðalánasjóður | 681.659 |
| Arahólar 6, 0202 8250) | Magnea Grímsdóttir og Eiríkur Kristjánsson | Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, útibú | 233.621 |
| Asparfell 2, 0602 8251) | Halldór Stefánsson | Íbúðalánasjóður | 173.944 |
| Austurberg 12, 0403 8252) | Guðný Aðalbjörg Sigurðardóttir | Landsbanki Íslands hf. aðalstöðvar | 604.153 |
| Álakvísl 28, 0101 8253) | Solveig Pétursdóttir | Fræðslustofnun lækna | 1.783.998 |
| Álakvísl 72, 0101 8254) | Edda Dagný Örnólfsdóttir | Íbúðalánasjóður | 155.237 |
| Álfheimar 48, 0501, 50% ehl. 8255) | Gunnar Kristján Sigmundsson | Kreditkort hf. | 100.945 |
| Álfheimar 68, 0201, 50% ehl. 8256) | Hallgerður Ásta Guðjónsdóttir | Intrum Justitia A/S | 5.390.069 |
| Álftamýri 44, 0302 8257) | Elinborg K. Kristjánsdóttir | Íbúðalánasjóður | 124.451 |
| Árkvörn 2, 0202, (50% ehl.) 8258) | Ingi Kr. Stefánsson | Tollstjóraembættið | 4.059.993 |
| Ásendi 14, 010001 8259) | Ásdís Lára Rafnsdóttir | Tollstjóraembættið | 232.848 |
| Ásvallagata 25, 0101 8260) | Aðalsteinn Emilsson | Íbúðalánasjóður | 246.851 |
| Bakkastaðir 15, 0101 8261) | Valgeir Daðason | Íbúðalánasjóður | 1.104.416 |
| Bakki í Hólmslandi (sumarbústaður) án lóðarréttinda 8262) | Elín Guðrún Heiðmundsdóttir | Íslandsbanki hf. og Kreditkort hf. | 2.314.768 |
| Baldursgata 13, 0201 8263) | Kristinn Ágúst Halldórsson | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 125.305 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Barðavogur 30, 0101<br>8264) | Hildur Snjólaug Bruun | Íbúðalánasjóður | 227.383 |
| Barðavogur 38, 0101<br>8265) | Birna Lára Þórarinsdóttir, Þórarinn F. Guðmundsson og Rannveig Björnsdóttir | Íbúðalánasjóður | 106.372 |
| Bergstaðastræti 43a, 0101<br>8266) | Margrét Halldóra Bjarnadóttir | Hamraskóli | 113.290 |
| Bergstaðastræti 51, 0001<br>8267) | Fjóla Georgsdóttir og Brandur Skafti Brandsson | Íbúðalánasjóður | 84.203 |
| Berjarimi 9, 0203<br>8268) | Kristín Stefánsdóttir og Egill Guðlaugsson | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 362.478 |
| Bíldshöfði 18, 010104<br>8269) | Víkurós ehf. | Tollstjóraembættið | 169.414 |
| Bjarnarstígur 11, 0201<br>8270) | Kristinn Pétursson og Hildur Björnsdóttir | Íbúðalánasjóður | 165.816 |
| Blikahólar 8, 040303<br>8271) | Arngrímur O. Sigurdórsson | Kreditkort hf. | 800.840 |
| Blíðubakki 3, 0102, Mosfellsbæ<br>8272) | Elías Þórhallsson | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 885.780 |
| Blöndubakki 20, 0102<br>8273) | Bryndís Guðmundsdóttir | Íbúðalánasjóður | 60.046 |
| Brautarholt 10, 0101, 0102, 0103, 0104, 0105, 0106 og 0201,<br>8274) | Kastljós ehf. | Tollstjóraembættið | 3.547.877 |
| Brautarholt 24, 010301<br>8275) | Skeifan ehf. | Tollstjóraembættið | 2.730.011 |
| Brekkubær 5, 0201<br>8276) | Guðrún Guðjónsdóttir | Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. | 3.511.377 |
| Brimkló RE, skipaskrárnr. 9844<br>8277) | Fjölnir Þorgeirsson | Gunnar Þór Ólafsson | 5.427.750 |
| Búagrund 4, 0101, Kjalarnesi,<br>8278) | Leó Kristberg Einarsson | Steindór Árnason | 173.027 |
| Drafnarfell 14, heildareignin Drafnarfell 14, 16, og 18, 0101,<br>8279) | Hringbraut ehf. | Íslandsbanki hf. | 1.207.140 |
| Dunhagi 18, 010202<br>8280) | Benedikt Andrésson | Lífeyrissjóðurinn Framsýn | 177.800 |
| Eldshöfði 6, 0101<br>8281) | Vaka ehf.,björgunarfélag | Tollstjóraembættið | 1.456.797 |
| Eldshöfði 15, 0101<br>8282) | Sigurður Helgi Óskarsson | Tollstjóraembættið | 512.179 |
| Esjugrund 10, Kjalarnesi,<br>8283) | Ingimar Kristinn Cizzowitz og Jóhanna Guðbjörg Árnadóttir | Landsbanki Íslands hf. aðalstöðvar og Tryggingamiðstöðin hf. | 517.951 |
| Esjugrund 13, 0101, Kjalarnesi<br>8284) | Ástmundur Agnar Norland, Guðrún Rut Hreiðarsdóttir og Agnar Gautur Þór Norland | Tollstjóraembættið | 51.051 |

Múrdælan var sett í ástandsskoðun og gerð kostnaðaráætlun vegna athugasemda sem fram komu. Að teknu tilliti til þessara upplýsinga var gert mat á áætluðu söluverði og síðan gert yfirlit yfir stöðu á samningi aðila, sbr. dskj. nr. 10. Í yfirliti þessu kemur fram að gert er ráð fyrir að söluverð tækisins sé 420.000 kr., að viðgerðarkostnaður sé 24.000 kr., að sölukostnaður nemi 42.000 kr. og að lögfræðikostnaður nemi 64.790 kr., þannig að 289.210 kr. mundu greiðast inn á samninginn til lækkunar samningsfjárhæðinni, sbr. dskj. nr. 10. Stefnda var tilkynnt um þetta matsverð tækisins með bréfi dags. 18. nóvember 2002, sbr. dskj. nr. 11. Um leið var honum gefinn kostur á að mótmæla matsverðinu.

Stefndi gerði engar athugasemdir við framangreint matsverð og þar með lauk afskiptum lögmanns stefnanda af málinu, enda innheimtuaðgerðum lokið með því að hið leigða tæki var komið í vörslur stefnanda og matsverð staðfest.

Stefnandi gerði í framhaldi þessa uppgjörsyfirlit yfir samning aðila, sbr. dskj. nr. 12 og óskaði eftir lögmannsaðstoð við innheimtu þess. Í uppgjörsyfirlitinu kemur fram að eftirstöðvar skuldar stefnda við stefnanda eru 639.776 kr. að teknu tilliti til matsverðs hins leigða tækis. Á nefndu uppgjörsyfirliti eru listaðar upp 10 greiðslur sem til samans mynda heildarvanskil stefnda við stefnanda. Flestar þessar greiðslur eru með gjalddaga hinn 1. hvers mánaðar og eru hinir reglubundnu gjalddagar fjármögnunarleigusamningsins. Þann 21. október 2002 barst endurgreiðsla á tryggingariðgjöldum að fjárhæð 11.356 kr. og er tekið tillit til þess við útreikning kröfunnar.

Í samræmi við samning aðila er tilkynnt matsverð dregið frá þessum heildarvanskilum og dráttarvaxta krafist frá 2. október 2002, sem var sá dagur þegar stefnandi fékk formlegar vörslur tækisins frá stefndu. Hinn 28. nóvember 2002 var stefndu sent innheimtubréf vegna þessara eftirstöðva skuldarinnar, sbr. dskj. nr. 13-14, en því hefur ekki verið sinnt og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu skuldarinnar. Jafnframt er málið höfðað til þess að fá stefndu Sigríði Hrefnu dæmda til þess að greiða ábyrgðarskuld sína að fullu í samræmi við sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu sína. Stefndi Gunnar átti síðast lögheimili að Sæmundargötu 9, Sauðárkróki, en hann er fluttur þaðan og er nú skráður óstaðsettur í hús. Því er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fær meðal annars lagastoð í 5., 6. og 28. gr. eldri laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 og í 45., 46. og 47. gr. núgildandi laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Um gjalddaga kröfunnar og greiðslustað er einkum vísað til meginreglu 12. gr. laga nr. 39/1922 og til 48. og 49. gr. laga nr. 50/2000.

Stefnandi vísar til meginreglna kröfu- og samningaréttarins um efndir fjárskuldbindinga og að gerða samninga skuli halda. Þá er einnig vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttarins um vanefndaúrræði kröfuhafa og til almennra reglna kröfuréttarins um ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanns.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og við III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sérstaklega 1. mgr. 6. gr. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. Um birtingu í Lögbirtingablaði vísast til 89. gr 1. mgr. a. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu

málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:
Nr. 1: Stefnu þessa.
Nr. 2: Skrá yfir framlögð skjöl.
Nr. 3: Fjármögnunarleigusamning nr. 423928-001 útg. 29. janúar 2001.
Nr. 4-5: Innheimtubréf, dags. 31. október 2001.
Nr. 6: Símskeyti, aðvörun um riftun, sent 12. nóvember 2001.
Nr. 7: Áminningarbréf, dags. 14. desember 2001.
Nr. 8: Tilkynning um riftun, dags. 10. júní 2002.
Nr. 9: Vörslutökubeiðni, dags 20. júní 2002
Nr. 10: Yfirlit yfir samning aðila, dags. 14. nóvember 2002.
Nr. 11: Símskeyti, tilkynning um matsverð, sent 18. nóvember 2002.
Nr. 12: Uppgjörsyfirlit yfir samning aðila, dags. 27. nóvember 2002.
Nr. 13-14: Innheimtubréf til stefndu vegna eftirstöðva samnings, dags. 28. nóvember 2002.
Nr. 15: Málskostnaðarreikning.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til undirritaðs umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, hinn 2. september 2003 kl. 10.00, og svara þar til sakar, taka til varna og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins má búast við að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar án frekari fyrirvara gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Akranesi, 11. júní 2003.
f.h. stefnanda,
**Jón Haukur Hauksson,** hdl.

(7111

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Friðgeir Björnsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Margrét Gunnarsdóttir hdl., f.h. Íslandsbanka hf., Kirkjusandi 2, Reykjavík, kt. 550500-3530, vegna útibús bankans að Þverholti 2, Mosfellsbæ, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á tryggingarbréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi tryggingarbréf útgefið í Mosfellsbæ þann 14. mars 2001 af Ármannsverki ehf., kt. 630398-2319 og Eyþóri Á. Eiríkssyni, kt. 190561-3489, og skal bréfið vera til tryggingar skaðlausri greiðslu á öllum skuldum og fjárskuldbindingum útgefenda eða síðar tilgreindra aðila við Íslandsbanka-FBA hf., nú Íslandsbanka hf., eða þann sem bankinn vísar til, í hvaða formi sem skuldbindingarnar eru eða verða, allt eftir vali bankans og hvort sem um er að ræða höfuðstól, verðbætur, dráttarvexti eða kostnað, hverju nafni sem nefnist. Tryggingarbréfið er að höfuðstólsfjárhæð kr. 2.000.000, vttr., með upphafsvísitölu 202,4 stig auk dráttarvaxta og alls kosntaðar við innheimtuaðgerðir og er Íslandsbanka hf. sett að veði með 4. veðrétti og uppfærslurétti fasteignin Bjartahlíð 5, Mosfellsbæ, ehl. í húsi 12,5, 3ja herbergja íbúð á 1. hæð, næst á eftir:

01. veðr. kr. 2.472.120,00 til Húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar skv. fasteignaveðbréfi útg. 23. nóv. 1993, vtr. 3347,0.
01. veðr. kr. 2.027.880,00 til Húsbréfadeildar Húsnæðisstofnunar skv. fasteignaveðbréfi útg. 1. des. 1993, vtr. 3347,0.
02. veðr. kr. 2.170.000,00 til TV-Fjárfestingarfélagið ehf. skv. veðbréfi dags. 5. jan. 1996, vtr. 174,2.
03. veðr. kr. 910.694,00 til Álftáróss ehf. skv. veðbréfi dags. 20. maí 1997.

Tryggingarbréfið var innfært í þinglýsingabækur sýslumannsins í Reykjavík þann 15. mars 2001 og ber þinglýsingarnúmerið B-3481/01.

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Esjugrund 84, 0101, Kjalarnesi 8285) | Linda Björk Vilhjálmsdóttir | Tollstjóraembættið | 46.550 |
| Espigerði 20, 0101 8286) | Íþróttafélagið Þrúður | Tollstjóraembættið | 51.776 |
| Eyjar II, 030001, Kjósarhreppi 8287) | Guðrún Ingvadóttir og Haraldur Magnússon | Íbúðalánasjóður | 331.030 |
| Eyjarslóð 9, 020101 8288) | KK eignarhaldsfélag ehf. | Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. | 15.900.927 |
| Fáfnisnes 5, 0202, 8289) | Þór Eysteinsson | Búnaðarbanki Íslands hf. | 1.811.002 |
| Ferjubakki 4, 0302 8290) | Sigurbjörg Vignisdóttir | Tollstjóraembættið | 57.162 |
| Fífurimi 38, 0101 8291) | Ingibjörg Jensdóttir | Kreditkort hf. | 654.265 |
| Flétturimi 30, 0301 8292) | Sigrún Lilja Jónsdóttir | Rimaskóli | 69.788 |
| Flúðasel 74, 080201 8293) | Pétur Þorsteinn Þorgrímsson og Magnea Ragnars Árnadóttir | Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. og Íbúðalánasjóður | 4.024.421 |
| Framnesvegur 11, 020101 8294) | Stefanía Stefánsdóttir | Tollstjóraembættið | 72.240 |
| Funafold 54 0101 og 0201, 8295) | Sigurjón H. Valdimarsson | Ingvar Helgason hf., Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 13.434.744 |
| Garðastræti 40, 0001 8296) | Ásta Dan Ingibergsdóttir | Tollstjóraembættið | 118.523 |
| Gnoðarvogur 18, 0102 8297) | Steinþór N. Nicolaisson | Tollstjóraembættið | 63.859 |
| Granaskjól 5, 0101, (30% ehl.) 8298) | Guðbjörn Árnason | Búnaðarbanki Íslands hf. | 818.997 |
| Grandagarður 8, 0205 8299) | Sjónþing ehf. | Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Sparisjóður Hafnarfjarðar og Tollstjóraembættið | 5.389.902 |
| Grensásvegur 26, 0201 8300) | Haukur Leifs Hauksson | Íbúðalánasjóður | 187.916 |
| Grensásvegur 56, 0202 8301) | Ásgeir Sveinsson | Tollstjóraembættið | 338.951 |
| Grjótasel 1, 0101 8302) | Örn Jónsson | Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Tollstjóraembættið | 872.766 |
| Grænahlíð 18, 0201 8303) | Soffía Jakobsdóttir og Margrét Kristín Pétursdóttir | Tollstjóraembættið | 48.664 |
| Gullengi 37, 0202 8304) | Aðalbjörg Sigurþórsdóttir | Tollstjóraembættið | 96.337 |
| Gyðufell 8, 0201 8305) | Sonja Ilham Jósefsdóttir og Flosi Þórir Jakobsson | Tollstjóraembættið | 88.216 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Hafnarstræti 7, 0101 8306) | Húsfélagið Hafnarstræti 7 ehf. | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 233.181 |
| Heiðarás 11, 0101, (50% ehl.) 8307) | Inga Barbara Arthur | Tollstjóraembættið | 2.445.664 |
| Hjarðarhagi 44, 0401, (50% ehl.) 8308) | Björgvin J. Jóhannsson | Lögreglustjóraskrifstofa | 386.800 |
| Hlaðhamrar 10, 0101 8309) | Allt-af ehf. | Sameinaði lífeyrissjóðurinn og Tollstjóraembættið | 1.577.488 |
| Hléskógar 21, 0101 8310) | Ása Oddsdóttir | Lífeyrissjóður verslunarmanna og Lífeyrissjóðurinn Framsýn | 611.870 |
| Hólaberg 28, 0101 8311) | Guðbjörg Helga Bjarnadóttir | Hekla hf. | 500.133 |
| Hraunberg 5, 0101 8312) | Bryndís Ólafsdóttir, Bergþóra Björnsdóttir, Jón Ingi Pálsson, Rut Jónsdóttir og Páll Grétar Jónsson | Íslandsbanki hf. | 586.494 |
| Hraunbær 56, 0102 8313) | Spillir ehf. | Tollstjóraembættið | 2.040.302 |
| Hraunbær 60, 130302 8314) | Örlygur Vigfús Árnason | Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 491.027 |
| Hraunbær 68, 0302 8315) | Gunnar Steinn Þórsson og Guðbjörg Kristín Pálsdóttir | Landsbanki Íslands hf., aðalstöðvar og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 2.458.481 |
| Hraunbær 198, 0101 8316) | Eiríkur Daði Hrólfsson | Tollstjóraembættið | 73.867 |
| Hverfisgata 16, 0101 8317) | Örn Hreinsson | Tollstjóraembættið | 1.288.772 |
| Hverfisgata 46, 0101 8318) | Höfuðból ehf. | Tollstjóraembættið | 473.821 |
| Hverfisgata 46, 0201 8319) | Íslenska kvikmyndasamsteypan ehf. | Tollstjóraembættið | 272.014 |
| Hverfisgata 61, 0101 8320) | Lúllarnir ehf. | Tollstjóraembættið | 513.573 |
| Hæðargarður 31, 0101, 8321) | Réttarholt., sjálfseignarstofnun | Tollstjóraembættið | 333.747 |
| Jöklafold 37, 0303 8322) | Jakob Jörunds Jónsson | Ker hf. | 168.404 |
| Jöldugróf 12, 0101 8323) | Eyjólfur Rósmundsson | Tollstjóraembættið | 3.270.728 |
| Jörfagrund 30, 0101, Kjalarnesi 8324) | Sigrún Þorleifsdóttir og Björn Guðmundsson | Tollstjóraembættið | 45.501 |
| Kaplaskjólsvegur 93, 0601 8325) | Sonja Hilmars og Þorvaldur Jóhannesson | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 51.530 |
| Kaplaskjólsvegur 93, 0602 8326) | Ingvar Friðbjörn Sveinsson | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 155.909 |

*Málsástæður*: Tryggingarbréfið var í vörslu Íslandsbanka hf. en hefur glatast og ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Stefnanda er því nauðsynlegt að fá tryggingarbréfið ógilt með dómi svo honum sé unnt að neyta réttar samkvæmt því.

*Lagarök:* Málið er höfðað skv. heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísar stefnandi til 2. tl. 120. gr. laga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn.*

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá yfir framlög skjöl.
3. Ljósrit tryggingarbréfs.
4. Ljósrit veðbandayfirlits fyrir fasteignina Björtuhlíð 5, ehl. 12,5, Mosfellsbæ.
5. Beiðni um útgáfu ógildingarstefnu.
6. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hverjum þeim sem kann að hafa undir höndum framangreint tryggingarbréf eða telur til réttar yfir því, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 4. september 2003, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að sanna rétt sinn til fasteignaveðbréfsins, þar sem ella má búast við að gangi útivistardómur í málinu og krafa stefnanda um ógildingu fasteignaveðbréfsins verði tekin til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 21. maí 2003.
**Friðgeir Björnsson.**

(7598

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjavíkur, Friðgeir Björnsson**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Margrét Gunnarsdóttir hdl., f.h. Íslandsbanka hf., Kirkjusandi 2, Reykjavík, kt. 550500-3530, vegna útibús bankans að Lækjargötu 12, Reykjavík, að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á tékka.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi tékki nr. 5563775 gefinn út af stefnanda þann 18. nóvember 2002 af reikningi 513-26-15150, eigandi stefnandi Íslandsbanki hf., kt. 550500-3530, til Stefáns Þ. Þorlákssonar, kt. 280930-2969, að fjárhæð kr. 808.809,39.

*Málsástæður:* Tékkinn var sendur tékkahafa, Stefáni Þ. Þorlákssyni, en hefur ekki verið innleystur. Tékkahafi sendi stefnanda bréf þar sem fram kemur að hann telur tékkann hafa týnst og hefur tékkinn nú verið afturkallaður. Tékkinn er nú talinn glataður og hefur ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit. Stefnanda er því nauðsynlegt að fá tékkann ógiltan með dómi.

*Lagarök:* Málið er höfðað skv. heimild í 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Um varnarþing vísar stefnandi til 2. tl. 120. gr. laga nr. 91/1991.

*Sönnunargögn.*

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá yfir framlög skjöl.
3. Ljósrit reikningsyfirlits vegna reiknings nr. 513-26-15150.
4. Kvittun fyrir innborgun á tékkareikning nr. 513-26-15150.
5. Ljósrit af bréfi tékkahafa dags. 16. janúar 2003.
6. Beiðni um útgáfu ógildingarstefnu.
7. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hverjum þeim sem kann að hafa undir höndum framangreindan tékka eða telur til réttar yfir honum, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, fimmtudaginn 4. september 2003, kl. 10.00 árdegis, til þess þar og þá að

sanna rétt sinn til tékkans, þar sem ella má búast við að gangi útivistardómur í málinu og krafa stefnanda um ógildingu tékkans verði tekin til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Reykjavík, 21. maí 2003.
**Friðgeir Björnsson.**

(7599

**Héraðsdómur Suðurlands,**
**Ólafur Börkur Þorvaldsson**
**dómstjóri**

gjörir kunnugt: Mér hefur tjáð Jón G. Valgeirsson hdl., Strandvegi 48, Vestmannaeyjum, að hann þurfi fyrir hönd Snorra Jónssonar, kt. 141143-2639, Boðaslóð 18, Vestmannaeyjum, að höfða mál fyrir héraðsdómi Suðurlands til ógildingar á neðangreindu veðtryggingabréfi.

*Dómkröfur:* Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi eftirgreint veðtryggingabréf, útgefið af Snorra Jónssyni 18. september 1975, til Sæmundar Sigurbjörnssonar, nú með 1. veðrétti í fasteigninni Boðaslóð 18, Vestmannaeyjum, að fjárhæð kr. 2.130.

*Málsástæður og önnur atvik*: Veðtryggingabréfið var gefið út af Snorra Jónssyni, til Sæmundar Sigurbjörnssonar eða hverjum öðrum löglegum handhafa víxils á bak við veðtryggingabréfið, þann 18. september 1975 að fjárhæð gkr. 213.000, nú kr. 2.130. Bréfið er skráð samkvæmt veðbókarvottorði á Sæmund Sigurbjörnsson. Veðtryggingabréfið var gefið út til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á 1 víxli, að fjárhæð gkr. 213.000 með gjalddaga 31. desember 1975 en víxillinn átti að koma til greiðslu í Útvegsbanka Íslands, Vestmannaeyjum þann 31. desember 1975. Stefnandi var greiðandi og samþykkjandi af téðum víxli en Sæmundur var útgefandi og ábekingur af víxlinum. Veðtryggingabréfið var tryggt upphaflega með 7. veðrétti með uppfærslurétti í fasteigninni Boðaslóð 18, Vestmannaeyjum, nú með 1. veðrétti í fasteigninni.

Stefnandi kveður framangreindan víxli vera að fullu greiddan og því engin skuld bak við veðtryggingabréfið. Nú mun frumrit bréfsins vera glatað og hefur ekki fundist þrátt fyrir mikla leit og eftirgrennslan. Vegna þessa hefur ekki verið unnt að aflýsa veðtryggingabréfinu og er stefnanda því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á því og í kjölfar þess að ráðstafa því sem skjalið hljóðar um, eins og hann hefði það undir höndum. Fyrir liggur að aflýsa bréfinu af hinni veðsettu eign.

*Lagarök:* Stefnandi vísar til ákvæða 120.-121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirfarandi sönnunargögn:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað, er stefna þessi birtist í.
4. Ljósrit veðtryggingabréfs.
5. Veðbókarvottorð.

*Fyrirkall*: Fyrir því stefnist hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðtryggingabréf undir höndum eða telur sig eiga rétt til þess, að mæta á dómþingi héraðsdóms Suðurlands, sem háð verður í dómþingsalnum í stjórnsýsluhúsinu við Heiðarveg 15, Vestmannaeyjum, miðvikudaginn 10. september 2003, kl. 16.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og til að leggja fram gögn af sinni hálfu, en ella má búast við að útivistardómur gangi i málinu í samræmi við stefnukröfur.

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Kleifarás 13, 0101 8327) | Valdimar Bergstað | Lífeyrissjóður verslunarmanna | 90.370 |
| Kleppsvegur 120, 0403 8328) | Jóna S Kristófersdóttir | Tollstjóraembættið | 58.253 |
| Klukkurimi 89, 0302, (50% ehl.) 8329) | Db. Gísla Svavarssonar bt. Guðlaugar Bjarnadóttur | Íbúðalánasjóður | 659.873 |
| Klyfjasel 16, 0101, (50% ehl.) 8330) | Björn Björnsson | Db. Árna Eðvalssonar | 20.954.134 |
| Kríuhólar 2, 0303 8331) | Pálína R. Guðlaugsdóttir | Lífeyrissjóður verslunarmanna | 59.447 |
| Langholtsvegur 42, 0101 8332) | Guðrún Lára Guðmundsdóttir | Landsbanki Íslands hf., aðalstöðvar | 5.136.597 |
| Laufengi 9, 0203 8333) | Arnleif Alfreðsdóttir | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 57.765 |
| Laufengi 15, 0204 8334) | Guðrún María Helgadóttir | Íbúðalánasjóður | 128.389 |
| Laufengi 180, 0101, (50% ehl.) 8335) | Rannveig Pálsdóttir | Tollstjóraembættið | 1.014.589 |
| Laugavegur 20, 0101 8336) | Laugaverk ehf. | Tollstjóraembættið | 321.510 |
| Laugavegur 54, 0101 8337) | Marta S H Kristjánsdóttir | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 128.626 |
| Laugavegur 66, 010301 8338) | K. J. Eignir ehf. | Tollstjóraembættið og Vélsmiðja Hafnarfjarðar ehf. | 19.220.081 |
| Laugavegur 96, 010101, (74% ehl.) 8339) | H. Á. fasteignir ehf. | Sparisjóður Hafnarfjarðar | 1.536.548 |
| Laugavegur 144, 0301 8340) | Ölduslóð ehf. | Sýslumaðurinn á Eskifirði | 858.767 |
| Laugavegur 147a, 0201 8341) | Frímann Sigurnýasson | Tollstjóraembættið | 48.760 |
| Látraströnd 36, 0101, Seltjarnarnesi 8342) | Jón Karlsson Lýðsson og Ásta Hrönn Maack | Lífeyrissjóðir Bankastræti 7 | 1.539.516 |
| Leifsgata 23, 010101, (50% ehl.) 8343) | Gústaf Adolf Gústafsson | Tollstjóraembættið | 4.024.457 |
| Lindarbraut 26, 0101, Seltjarnarnesi 8344) | Þórhildur Jónsdóttir og Hermann Ingi Arason | Íbúðalánasjóður | 244.202 |
| Ljósavík 34, 8345) | Einar Vignir Einarsson | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 284.501 |
| Maríubaugur 99, 030201, (50% ehl.) 8346) | Ólafur Elvar Gylfason | Tollstjóraembættið | 600.227 |
| Melagerði 1 og 2, Kjalarnes, 8347) | Holdastofn ehf. | Frjálsi fjárfestingarbankinn hf. | 2.977.720 |
| Mosarimi 5, 0203 8348) | Þórhildur L. Þorkelsdóttir | Búnaðarbanki Íslands hf. | 331.318 |

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Nýlendugata 18, 0101 8349) | Angelica Cantu Davila | Tollstjóraembættið | 37.565 |
| Óðinsgata 1, 010101 8350) | H.E. ehf. | Tollstjóraembættið | 202.421 |
| Óðinsgata 4, 0202 8351) | Pétur Sigurðsson | Íbúðalánasjóður og Tollstjóraembættið | 700.735 |
| Rauðalækur 33, 0101, (50% ehl.) 8352) | Steinþór Bjarni Grímsson | Tollstjóraembættið | 2.692.366 |
| Rauðarárstígur 38, 0002, 8353) | Ólafur Karl Eyjólfsson | Lögreglustjóraskrifstofa og tollstjóraembættið | 811.097 |
| Rofabær 43, 0303, (50% ehl.) 8354) | Elísabet Rósa Matthíasdóttir | Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og Tollstjóraembættið | 2.467.115 |
| Sílakvísl 6, 0103 8355) | Andrína Guðrún Jónsdóttir | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 285.354 |
| Sílakvísl 27, 0204 8356) | Jónína Þórunn Hansen | Tollstjóraembættið | 62.950 |
| Skálholtsstígur 2a, 8357) | Ingibergur E. Þorkelsson, Freygerður Dana Kristjánsdóttir, Plastikk sf. og Kastalinn, lúx.íb,þ.ann heim sf. | Hlíf, lífeyrissjóður og Lífeyrissjóður lækna | 13.732.188 |
| Skeggjastaðir, 5% ehl., Mosfellsbæ 8358) | Guðmundur H. Víglundsson | Tollstjóraembættið | 3.494.401 |
| Skeljagrandi 3, 0102 8359) | Birna Stefánsdóttir | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda | 330.319 |
| Skildinganes 43, 0102 8360) | Kristinn Bjarnason | Tollstjóraembættið | 91.166 |
| Skipholt 19, 020101 8361) | Úrlausn sf., Garðabæ | Tollstjóraembættið | 52.743 |
| Skipholt 47, 0301, 50% ehl. 8362) | Oddný Þórunn Sverrisdóttir | Hundaræktun Dalsmynni ehf. | 377.759 |
| Skógarás 1, 0301, 50% ehl. 8363) | Helga Björg Helgadóttir | Reykjavíkurborg | 109.105 |
| Skógarhlíð 14, 0101 8364) | SHS Fasteignir ehf. | Tollstjóraembættið | 618.200 |
| Smáragata 10, 0101 8365) | Valdimar Jónsson | Búnaðarbanki Íslands hf. | 11.834.370 |
| Sólbraut 5, 0101, Seltjarnarnesi 8366) | Sólbraut 5 ehf. | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 414.424 |
| Starrahólar 7, 0101, 50%, ehl., 8367) | Guðmundur J. Júlíusson | Búnaðarbanki Íslands hf. | 3.495.036 |
| Suðurhólar 4, 020301 8368) | Elías Elíasson | Lögreglustjóraskrifstofa og Sparisjóður Hafnarfjarðar | 143.976 |
| Suðurhólar 26, 0202 8369) | Guðjón L. Viggósson | Tollstjóraembættið | 40.800 |

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Vestmannaeyjum, 11. júní 2003.

**Ólafur Börkur Þorvaldsson.**

(7110

**Ragnheiður Laufey Sigjónsdóttir, kt. 120567-3499, Hraunbæ 58, 110 Reykjavík**

gerir kunnugt: Að hún þurfi að höfða mál á hendur Þórði K. Sigurðssyni, kt. 141265-5209 með lögheimili að Sólheimum 23, 104 Reykjavík, en ókunnan dvalarstað, fyrir hönd ólögráða sonar síns, Sigjóns Ragnheiðarsonar, kt. 280602-2210 til heimilis að Hraunbæ 58, Reykjavík.

*Dómkröfur:* Stefnandi gerir þá kröfu að viðurkennt verði með dómi að stefndi sé faðir drengsins Sigjóns Ragnheiðarsonar, sem hún ól þann 28. júní 2002.

Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins eða skv. reikningi sem lagður verður fram við meðferð málsins, auk 24,5% virðisaukaskatts á málskostnað, eins og málið sé ekki gjafsóknarmál, en stefnandi hefur fengið gjafsóknarleyfi frá dómsmálaráðuneytinu.

*Fyrirsvar:* Með málið fyrir hönd stefnanda fer S. Sif Thorlacius hdl., Laugavegi 7, 101 Reykjavík.

*Málsatvik og málsástæður:* Stefnandi og stefndi kynntust árið 2001 og urðu kynni þeirra skammvinn.

Haustið 2001 kom í ljós að stefnandi átti von á barni og ól hún dreng þann 28. júní 2002, sem fékk nafnið Sigjón. Nokkru seinna snéri stefnandi sér til embættis sýslumannsins í Reykjavík og lýsti stefnda föður barnsins. Óskaði hún eftir því að embættið aflaði faðernisviðurkenningar frá stefnda. Þann 23. júní 2002 mætti stefndi hjá sýslumannsembættinu og óskaði eftir því að blóðrannsókn færi fram vegna málsins.

Þrátt fyrir kröfu stefnda um rannsókn hefur hann ekki mætt til sýnatöku hjá Rannsóknarstofu Háskólans. Hefur stefndi ekki sinnt ítrekuðum boðunum sýslumanns og óskum stefnanda um að hann mæti til rannsóknarinnar. Hefur því ekki reynst unnt að feðra barnið.

Sá stefnandi sér því ekki annað fært en að höfða mál á hendur stefnda til viðurkenningar á faðerni barnsins. Frá því í desember s.l. hefur árangurslaust verið reynt að hafa upp á stefnda. Skv. þjóðskrá er hann skráður með lögheimili að Sólheimum 23, Reykjavík, en er löngu fluttur þaðan. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir hefur ekki tekist að hafa upp á nýjum dvalarstað stefnda.

Brýna nauðsyn ber til þess að feðra barnið og hefur tvívegis verið reynt að birta stefnu fyrir stefnda, en án árangurs og er stefnandi því nauðbeygð til þess að birta honum stefnu með opinberum hætti í samræmi við 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Lagatilvitnanir:* Vísað er til barnalaga nr. 20/1992, kafla II um feðrun barna, einkum 4. gr. Þá er vísað almennt til VII. kafla um dómsmál vegna faðernis barna, einkum 41. gr., 42. gr. og 2. mgr. 45. gr.

Þá er vísað til 89. gr. laga nr. 91/1991 og til 91. gr. sömu laga.

Um málskostnað er vísað til laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, gr. 129., og 130.

Ennfremur er vísað til laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt með síðari breytingum. Loks er vísað til samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns frá 2. nóvember 1992, 7. gr.

*Áskilnaður:* Stefnandi áskilur sér rétt til framlagningar frekari sönnunargagna, til að leiða fram vitni, hafa uppi mótmæli, reifa nýjar málsástæður og lagarök.

*Sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins verða m.a. lögð fram gögn frá embætti sýslumannsins í Reykjavík. Fæðingarvottorð og gjafsóknarleyfi. Stefnur dagsettar 30. desember 2002 og 9. janúar 2002, ásamt birtingarvottorðum.

*Fyrirkall:* Fyrir því stefnist hér með Þórði Kristni Sigurðssyni, kt. 141265-5209, sem skráður er með lögheimili að Sólheimum 23, Reykjavík en ókunnan dvalarstað til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, dómhúsinu við Lækjartorg, fimmtudaginn 4. september 2003 kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess að þar og þá að sjá skjöl málsins og skilríki í dóm lögð og leggja fram varnir ef einhverjar eru. Verði ekki mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur er einn mánuður

Reykjavík, 23. júní 2003.
**S. Sif Thorlacius** hdl.

(7796

*Aðilar málsins eru:*
*Stefnandi:* Glitnir hf., kt. 511185-0259, Kirkjusandi, 155 Reykjavík
*Stefndi:* Sigurður Guðjónsson, kt. 270244-4679, óstaðsettur í hús, en með lögheimili að Stórholti 18, 105 Reykjavík.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Jón Haukur Hauksson, hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 673.280 kr. og bankakostnað 1.540 kr., ásamt dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sérstaklega 1. mgr. 6. gr., af 673.280 kr. frá 3. nóvember 2000 til greiðsludags. Inn á skuldina hefur verið greidd 420.326 kr. innborgun hinn 18. júlí 2001, sem dregst frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi, auk 24,5% virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Stefndi fékk lán hjá stefnanda til fjármögnunar á kaupum á bifreiðinni MJ-219 Mercedes Benz. Vegna þessa gaf stefndi út skuldabréf til stefnanda hinn 9. ágúst 1999. Skuldabréf þetta fékk númerið 601983-13733, sbr. dómskjal nr. (dskj.) 3 og var að nafnverði 1.040.220 kr. Skuldin bar vexti samkvæmt gjaldskrá stefnanda. Vextir voru 11,30% á ári við útgáfu bréfsins. Skuldina skyldi stefndi endurgreiða með 36 mánaðarlegum afborgunum, í fyrsta sinn hinn 3. október 1999. Bréfið var veðtryggt í bifreiðinni MJ-219. Bréfið féll í vanskil á gjalddaga hinn 3. nóvember 2000. Þegar hefðbundnar ítrekanir og innheimtutilraunir stefnanda sjálfs báru ekki árangur óskaði hann aðstoðar lögmanns. Innheimtubréf lögmanns var sent stefnda hinn 16. mars 2001, sbr. dskj. nr. 4. Í framhaldi þessa var stefnda send greiðsluáskorun hinn 28. mars 2001, sbr. dskj. nr. 5, sem vart birt af stefnuvotti.

Hinn 2. mars 2001 var óskað eftir nauðungarsölu hjá sýslumanninum í Reykjavík, sbr. dskj. nr. 6. Farið var fram á vörslutöku bifreiðarinnar hinn 7. júní 2001, sbr. dskj. nr. 7. Nauðungaruppboð á bifreiðinni MJ-219 fór fram hinn 23. júní 2001, sbr dskj. nr. 8. Úthlutun sýslumanns á söluandvirðinu fór fram hinn 9. júlí 2001, sbr. dskj. nr. 9. Til stefnanda greiddust 420.326 kr. af söluandvirði bifreiðarinnar. Tekið hefur verið tillit til þessarar innborgunar í dómkröfum.

| Heiti eignar: | Gerðarþoli (-ar): | Gerðarbeiðandi (-beiðendur): | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|---|---|---|---|
| Suðurlandsbraut 22, 0207<br>8370) | Hjörleifur Þórðarson | Íslandsbanki hf. | 439.708 |
| Súðarvogur 32, 0101<br>8371) | Sedrus sf. | Tollstjóraembættið | 342.773 |
| Súluhöfði 21, 010201<br>8372) | Dagný Karlsdóttir | Tollstjóraembættið | 121.265 |
| Súluhöfði 30, 0101, 50% ehl., Mosfellsbæ<br>8373) | Friðrik Ólafsson | Mosfellsbær | 155.723 |
| Teigasel 4, 040204<br>8374) | Sigurður V. Ólafsson og Bára N. Guðmundsdóttir | Íbúðalánasjóður og Kreditkort hf. | 933.539 |
| Teigasel 11, 030203<br>8375) | Jón Árni Einarsson og Auður Friðriksdóttir | Tollstjóraembættið | 48.049 |
| Tjarnarstígur 1, 0001, Seltjarnarnesi<br>8376) | Gústaf Þ. Einarsson | Seltjarnarneskaupstaður | 52.230 |
| Tryggvagata 4, 0102<br>8377) | Vigdís Guðmundsdóttir | Tryggingamiðstöðin hf. | 41.814 |
| Tungusel 3, 010202<br>8378) | Jóhann P. Kristbjörnsson | Tollstjóraembættið | 7.348.708 |
| Urðarstígur 15, 0001, 50% ehl.<br>8379) | Gunnar Guðmundsson | S. Guðjónsson ehf. | 1.040.981 |
| Verslunarhúsið Esja, Kjalarnesi, úr landi Fitjakots, ásamt 2 ha lands, Kjalarnesi<br>8380) | Steinsmiðjan Rein ehf. | Landssími Íslands hf., innheimta, Ritfell hf. og tollstjóraembættið | 743.750 |
| Vesturgata 51c, 0101<br>8381) | Erla Þórisdóttir | Tollstjóraembættið | 304.508 |
| Vesturvallagata 1, 0102<br>8382) | Helga Björk Laxdal | Íbúðalánasjóður | 84.732 |
| Víkurás 6, 0303<br>8383) | Soffía Guðbjört Ólafsdóttir | Greiðslumiðlun hf. og Íbúðalánasjóður | 290.411 |
| Völvufell 18, 0101<br>8384) | Magnús Gíslason | Sameinaði lífeyrissjóðurinn | 1.133.682 |
| Þingholtsstræti 29a, 0101<br>8385) | Frumkvöðlaaðstaðan ehf. | Landssími Íslands hf., innheimta | 103.296 |
| Þorláksgeisli 98, 100, og 102,<br>8386) | Byggingarfél. Þorláksgeisli ehf. | Tollstjóraembættið | 6.815.623 |
| Öldugata 18, 0101<br>8387) | Kristín Sigurðardóttir og Reykvískir lögmenn ehf. | Búnaðarbanki Íslands hf. og Íbúðalánasjóður | 12.920.948 |
| Öldugrandi 3, 0102<br>8388) | Aðalheiður G. Hauksdóttir | Tollstjóraembættið | 47.056 |
| Öldugrandi 9, 0202<br>8389) | Sigríður Friðriksdóttir | Íbúðalánasjóður og tollstjóraembættið | 340.823 |

Reykjavík, 30. júní 2003.
F.h. sýslumannsins í Reykjavík,
**Þuríður Árnadóttir,** deildarstjóri.

# Tilkynning

## um fyrirhugaða yfirfærslu á vátryggingastofni

Með vísan til 2. mgr. 86. gr. laga um vátryggingastarfsemi nr. 60/1994 með síðari breytingum, sbr. 1. mgr. 68. gr. sömu laga, tilkynnist hér með um fyrirhugaða yfirfærslu á öllum vátryggingastofni frá CNA Insurance Company (Europe) Limited til CNA Insurance Company Limited.

Vátryggingatakar og vátryggðir geta skilað skriflegum athugasemdum vegna yfirfærslunnar til Fjármálaeftirlitsins innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar.

Fjármálaeftirlitið veitir fyllri upplýsingar ef óskað er.

2. júlí 2003.
**Fjármálaeftirlitið.**

8712)

# Auglýsing

## um deiliskipulag í Eyja- og Miklaholtshreppi Snæfellsnessýslu

Samkvæmt ákvæðum 18. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 er hér með lýst eftir athugasemdum við tillögur að deiliskipulagi í Eyja- og Miklaholtshreppi.

1. Lýst er eftir athugasemdum við deiliskipulag fyrir vatnsaflsvirkjun í Straumfjarðará við Baulárvallavatn.
2. Deiliskipulag fyrir garðyrkjustöð á lóð úr landi Dals vestan Vegamóta.
3. Deiliskipulag fyrir 4 íbúðarhús og 4 frístundahús í landi Miðhrauns 2.

Tillögurnar ásamt byggingar- og skipulagsskilmálum liggja frammi hjá oddvita að Hjarðarfelli frá 11. júlí til 8. ágúst á venjulegum skrifstofutíma.

Athugasemdum skal skila fyrir 22. ágúst 2003 og skulu þær vera skriflegar. Þeir sem ekki gera athugsemd innan tilgreinds frests teljast samþykkir tillögunni.

**Skipulags- og byggingarfulltrúi.**

8897)

Stefnda var send greiðsluáskorun vegna eftirstöðvar skuldarinnar hinn 31. október 2001, sbr. dskj. 10. Birting tókst ekki þar sem stefndi var fluttur. Ekki hefur tekist að hafa upp á dvalarstað hans og því nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

*Lagatilvísanir:* Vísað er til meginreglna samningaréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá meðal annars stoð í lögum nr. 7/1936. Einnig er vísað til ítarlegra vanefndaákvæða skuldabréfsins sjálfs sem lagt er fram sem dskj. nr. 3. Málið er rekið skv. 17. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og við III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sérstaklega 1. mgr. 6. gr. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. sbr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Skuldabréf nr. 601983-13733 útg. 9. ágúst 1999.
4. Innheimtubréf, dags. 16. mars 2001.
5. Greiðsluáskorun, dags. 28. mars 2001, ásamt birtingarvottorði.
6. Beiðni um nauðungarsölu, dags. 2. maí 2001.
7. Vörslutökubeiðni, dags. 7. júní 2001.
8. Kröfulýsing í söluandvirði, dags. 23. júní 2001.
9. Úthlutunargerð sýslumannsins í Reykjavík, dags. 9. júlí 2001.
10. Greiðsluáskorun, dags. 31. október 2001, ásamt birtingarvottorði.
11. Lögbirtingablað, sem stefna birtist í.
12. Málskostnaðarreikning.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til undirritaðs umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, hinn 2. september 2003 kl. 10.00, og svara þar til sakar, taka til varna og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins má búast við að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar án frekari fyrirvara gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Akranesi, 10. júní 2003.
f.h. stefnanda,
**Jón Haukur Hauksson,** hdl.

(7108

# Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum 6. júní 2003 varðandi 5 fyrsttöldu búin, en 25. júní 2003 varðandi 2 síðasttöldu búin, voru bú eftirtalinna aðila tekin til gjaldþrotaskipta og undirritaður skipaður skiptastjóri í þeim:

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

| Nafn bús: | Frestdagur: | Skiptafundur: |
|---|---|---|
| Fiskvinnslan Kópavör ehf.,<br>kt. 690597-3309,<br>Grandatröð 10,<br>Hafnarfirði | 11. apríl 2003 | föstudaginn<br>19. sept. 2003<br>kl. 9.00 |
| | | (8600 a |
| Ingólfur Árni Jónsson,<br>kt. 280950-7699,<br>Sléttahrauni 27,<br>Hafnarfirði | 15. maí 2003 | föstudaginn<br>19. sept. 2003<br>kl. 9.30 |
| | | (8601 a |
| Lögbýli ehf.,<br>kt. 570798-2789,<br>Álfaskeiði 98,<br>Hafnarfirði | 13. maí 2003 | föstudaginn<br>19. sept. 2003<br>kl. 10.00 |
| | | (8602 a |
| Skagi ehf.,<br>kt. 670494-2179,<br>Bragavöllum 11,<br>Keflavík | 28. febrúar 2003 | föstudaginn<br>19. sept. 2003<br>kl. 10.30 |
| | | (8603 a |
| Videógallerí ehf.,<br>kt. 420401-2130,<br>Eikarási 9,<br>Garðabæ | 7. maí 2003 | föstudaginn<br>19. sept. 2003<br>kl. 11.00 |
| | | (8604 a |
| Lyngás 8 ehf.,<br>kt. 610198-2609,<br>Bláhömrum 2,<br>Reykjavík | 8. apríl 2003 | föstudaginn<br>19. sept. 2003<br>kl. 11.30 |
| | | (8605 a |
| Samtíðarfólk ehf.,<br>kt. 571199-3359,<br>Sundaborg 7-9,<br>Reykjavík | 8. apríl 2003 | föstudaginn<br>19. sept. 2003<br>kl. 12.00 |
| | | (8606 a |

Hér með er skorað á alla þá sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur þrotabúunum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Lágmúla 5, 108 Reykjavík.

Skiptafundir til að fjalla um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna, verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Lágmúla 5, Reykjavík, á ofangreindum tímum.

Skrá yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafund.

Reykjavík, 30. júní 2003.
**Guðjón Ólafur Jónsson** hdl.,
skiptastjóri.

**Lögbirtingablað,**
95. tölublað 2003.

Útgefandi fyrir hönd dómsmálaráðuneytisins
og ábyrgðarmaður.
**Eygló Halldórsdóttir**

Gutenberg